

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 38/1981. **Sjólástöðin h/f**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Magnúsi Óskari Ólafssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. september 1980. Úti-
vist varð af hans hálfu 2. febrúar 1981, en hann áfrýjaði málinu
að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt
Íslands með stefnu 6. febrúar s. á. Hann krefst sýknu og málskostna-
aðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur
þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 4.903.29 krón-
ur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., en
16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum
frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.
september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979,
43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá
þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní
s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% árs-
vöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en dómvöxtum frá
þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á máls-
kostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem verið hafði einn vélstjóri á v/b Sjóla, RE 18, hafði
aldrei neitað að fara á netaveiðar á bátnum. Miða verður við, að
réttur sé sá framburður hans, að hann hafi komið til starfa hvern
dag, eftir að farið var að búa bátin til netaveiða í Hafnarfjarðar-
höfn. Hann fór með bátnum til Akureyrar. Þá kom í ljós, að hinn
nýi eigandi hafði tekið við útgerð bátsins. Stefndi hafði verið af-
skráður úr skiprúmi 24. apríl og annar vélstjóri ráðinn í hans stað

og lögskráður 27. apríl. Verður þó ekki séð, að áfrýjandi hafi mátt telja, að stefndi væri hættur á bátnum. Þessar aðstæður þykja, eins og hér stendur á, jafngilda því, að stefnda hafi verið vikið úr starfi og að hann eigi rétt á bótum samkvæmt 34. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, þar sem ráðningarsamningur hans var ekki á enda. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð bótanna. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 4.903.29 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málkostnað.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnda, Magnúsi Óskari Ólafssyni, 4.903.29 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1983, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 7. 000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. f. m., hefur Magnús Óskar Ólafsson, Arnarhrauni 5, Grindavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. september 1977, á hendur Sjólastöðinni h/f, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 490,329 með 2.5% dráttarvöxtum á mán-

uði frá 1. maí 1977 til 1. ágúst s. á., en 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá var krafist viðurkennignar á sjóveðrétti í v/b Helga Magra, EA 277, áður Sjóla, RE 18, fyrir dæmdum fjárhæðum, en við munnlegan flutning málsins var fallið frá þeirri kröfu. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að frá 21. desember 1979 verði dæmdir dómvextir skv. lögum nr. 56/1979.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að þann 20. ágúst 1976 hafi stefnandi verið ráðinn vélstjóri á skip stefnda, v/s Sjóla, RE 18, til togveiða um ó-ákveðinn tíma. Samkvæmt 2 mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og 31. gr. kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sbr. bráðabirgðalög nr. 98/1976 um kaup og kjör sjómanna, hafi hann í starfi sínu notið þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hinn 24. apríl 1977 hafi v/s Sjóli verið seldur Hjörleifi Hallgríms fyrirvaralaust án vitundar stefnanda og án þess að honum væri sagt upp starfi sínu með löglegum fyrirvara. Samkvæmt 34. gr. sjómannalaga eigi stefnandi rétt á launum í eigi skemmri tíma en nemur uppsagnarfrestinum.

Samkvæmt skipshafnarskrá v/s Sjóla, sem fram hefur komið í málinu, var stefnandi lögskráður á bátinn 30. mars 1977 til togveiða, og skyldi kaup og kjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Var stefnandi síðan afskráður 24. apríl s. á. ásamt öðrum skipverjum. Kemur og fram, að hvorki skipstjórinn né aðrir skipverjar hafi mætt til lögskráningar og hafi þeir ekki undirritað skipshafnarskrána. Hafi hún því verið færð eftir upplýsingum útgerðar bátsins.

Fram er komið, að 26. apríl 1977 sendi stefndi stefnanda svohljóðandi símskeyti:

„Þar eð þú hefur ekki komið til starfa þá lítum við svo á með tilvísun til samtals okkar að þú óskir eftir slitum á ráðningarsamningi v/ v/s Sjóli RE 18 með tilvísun til sama samtals staðfestum við að ekki verða gerðar eftirkröfur vegna ráðningarslita.“

Þessu skeyti svaraði stefnandi með svohljóðandi símskeyti:

„Þar sem ég hef mætt til vélgæslustarfa um borð í v/s Sjóla RE 18 mánud. og þriðjudag og með tilvísun til samtals okkar sunnud. 24. apríl kl. 17.30 um lengri ummsagnarfrest en til mánudags 25/4 kl. 08.00 um slit á ráðningarsamningi óska ég skýringar á skeyti yðar dagsettu 26/4 1977.“

Sendi stefndi síðan stefnanda svohljóðandi símskeyti 27 apríl:

„Þökkum skeyti dags. í dag sé ályktun okkar varðandi óskir þínar um ráðningarslit og upplýsingar okkar um mætingar mánudag og þriðjudag

rangar þá tilkynnum við þér brottför skipsins frá Hafnarfirði í kvöld og óskum eftir að þú mætir kl. 20.“

Í skiphafnarskrá bátsins frá 27. apríl 1977 kemur fram, að þann dag hefur Steindór Arason verið skráður skipstjóri á bátinn, og einnig voru þá skráðir þrír menn aðrir á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, en þangað hafi báturinn verið seldur.

Með auglýsingum í Morgunblaðinu 19. og 20. apríl 1977 var v/s Sjóli auglýstur til sölu og afhendingar strax.

Með samningi, dags. 24. apríl, sem lagður hefur verið fram í málinu, keypti Hjörleifur Hallgríms v/s Sjóla af stefnda. Í upphaflegum texta samningsins hefur verið gert ráð fyrir, að báturinn yrði afhentur í aprilmánuði, en í breyttri mynd er endanlegt ákvæði samningsins um afhendingartíma svohjóðandi: „Skipið afhendist í Hafnarfjarðarhöfn með fullgildu haffærisskírteini, og hefur kaupandi þegar skoðað skipið og allan búnað þess og sættir sig við það í hvívetna. Afhending fari fram 15/8 1977 eða fyrr, ef mögulegt er. Dragist afhending fram yfir 1/5, afhendist skipið í Akureyrarhöfn á kostnað seljanda.“

Verða nú raktir framburðir stefnanda, fyrirsvarsmanns stefnda og vitna, en vitnin Ísleifur Haraldsson og Gunnar Sigurðsson eiga í málaferlum við stefnda út af sömu atvikum og hér er fjallað um.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað störf á v/s Sjóla um 20. maí 1976 og hafi þá verið stundaðar humarveiðar. Báturinn hafi svo farið í slipp í desember og hafi skipverjar verið afskráðir, en þeir hafi hins vegar unnið við bátinn, þar sem hann var í slippnum, þar til hann fór á flot aftur í marsmánuði 1977. Hafi báturinn síðan stundað togveiðar. Um 14. apríl hafi togvindan bilað og hafi útgerðarstjórinn viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar. Hafi verið unnið þar að viðgerð á togvindunni. Þegar viðgerðinni var að ljúka, hafi skipverjarnir farið að sjá auglýsingar um, að báturinn væri til sölu. Hafi skipverjarnir spurt útgerðarstjórn, hvort ætlunin væri að selja bátinn, en hann hafi svarað, að ætlunin væri að athuga söluhorfur á bátnum. Það muni svo hafa verið 19. apríl sem útgerðarstjórinn hafi spurt skiðverjana fjóra, hvernig þeim litist á að fara á veiðar í þorskanet norður á Eyjafirði, en hann hafi ekki verið búinn að minnast á þetta áður. Þeim hafi ekki litist of vel á þetta og spurt, hvort útgerðarstjórinn væri ákveðinn að senda bátinn á netaveiðar. Stefnandi kveður skipsfélaga sína hafa verið ákveðna að hætta strax, en hann hafi viljað vita, hvað úr þessu yrði, og hafi hann ekki neitað að vera áfram á bátnum. Um kvöldið þennan sama dag hafi þeim verið sagt að koma um borð og taka veiðarfærin upp úr bátnum. Þeir hafi gert það næsta laugardag. Sjálfur kveðst stefnandi hafa mætt til skips tvisvar á dag til 27. apríl og hafi

hann lensað bátinn og séð um vélarnar, sem verið hafi í gangi. Dagana 25. og 26. apríl hafi menn úr landi unnið við að setja upp netabúnað í bátnum. Þeir skipverjarnir hafi spurt mennina, hvort báturinn væri að fara á netaveiðar, og hafi þeir játað því og sagt, að búið væri að selja bátinn. Þeir skipverjarnir hafi þá farið og spurt útgerðarstjórnann, Jón Guðmundsson, hvort búið væri að selja bátinn, en hann hafi svarað því neitandi. Hafi þetta verið 25. apríl. Stefnandi kveðst svo hafa fengið skeyti frá stefnda, þar sem fram hafi komið, að þar sem hann hefði ekki mætt til vinnu undanfarna daga, þá væri talið, að hann væri hættur á bátnum. Hann hafi þá sent svarskeyti um hæl þess efnis, að hann hefði haft eftirlit með bátnum og teldi sig ekki hættan, en hann óskaði eftir lengri umhugsunarfresti. Hafi hann svo fengið skeyti frá stefnda um að mæta til skips að kvöldi þess 27. apríl. Hann hafi svo mætt til skips um 15 mínútur fyrir brottfarartíma. Jón Guðmundsson útgerðarstjóri hafi þá sagt, að búið væri að selja bátinn og kæmi skipverjum það ekki við. Þar sem stefnandi teldi sig ráðinn á bátinn, þá skyldi hann koma sér að verki, því verið væri að leysa landfestar. Stefnandi kveðst svo hafa farið með bátnum norður í land. Nýr skipstjóri hafi verið á bátnum og einnig hafi verið nýr vélstjóri. Þegar svo báturinn kom norður til Akureyrar, hafi hann fyrst hitt Hjörleif Hallgríms. Þar hafi verið fyrir hátt í fulla áhöfn á bátinn, en Hjörleifur hafi þó spurt þá, sem komu með bátnum, hvort þeir vildu vera áfram um borð. Hafi Hjörleifur sagst gera bátinn út, því að hann væri búinn að kaupa hann. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann teldi sig ekki lengur skráðan á bátinn og teldi hann sig lausan allra mála. Hann ætlaði ekki að ráða sig hjá Hjörleifi. Stefnandi kveðst hafa séð skráningarbók skipsins og hafi hann ekki verið skráður á bátinn í ferð hans norður. Hann hafi ekki vitað, hvenær hann var afskráður, enda hafi sér ekki verið gefinn kostur á að vera þá viðstaddur.

Jón Guðmundsson, útgerðarstjóri stefnda og einn af eigendum fyrirtækisins, hefur skýrt svo frá, að bátar, sem stefndi gerði út, hafi yfirleitt alltaf stundað veiðar í net á vetrarvertíð. Á árinu 1976 hafi v/s Sjóli stundað veiðar í net, síðan hafi báturinn farið á humarveiðar, og loks hafi hann stundað veiðar í botnvörpu. Báturinn hafi svo verið tekinn í slipp í desembermánuði, þar sem hann hafi verið þar til í marsmánuði 1977. Á meðan báturinn var í slipp, hafi skipverjar unnið við hann eftir því sem unnt var og í þeirra verkahring. Er báturinn kom úr slipp, hafi hann verið útbúinn til togveiða, því skipverjar hafi verið því mótfallnir að stunda veiðar í net. Hann hafi sagt þeim, að ef þessar veiðar gengju ekki, þá yrði að skipta yfir á veiðar í net. Hann kveður veiðar bátsins hafa gengið mjög illa, en veiðar hjá bátum hafi yfirleitt gengið vel á þessum tíma. Hafi hann nú ekki séð annan kost en að gera bátinn út á netaveiðar og ef það tækist

ekki, þá yrði að leggja bátnum eða að reyna að selja hann. Báturinn hafi verið búinn að vera á söluskrá og hafi hann um þetta leyti verið auglýstur í blöðum. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda þá komist í samband við Ólaf Stefánsson skipasala. Það hafi þó verið reiknað með því, að báturinn færi á netaveiðar, og farið hafi að lifna yfir þeim veiðum í Grindavíkurdýpi, á Breiðafirði og einnig hafi verið farið að fiskast fyrir norðan. Hafi veiðar á þessum svæðum komið til greina, því allt hafi verið skárar en togveiðar, sem ekkert gengu. Muni hann hafa rætt þetta við skipverjana, þegar báturinn kom til hafnar um miðjan aprílmánuð. Jón kveður sér hafa fundist rétt að gera úrslitatilraun með það, hvort hægt væri að selja bátinn, þar sem báturinn hafi verið nýkominn úr stórri viðgerð og í fullkomnu lagi. Hafi því verið ákveðið að auglýsa bátinn. Hafi skipasalinn talið heppilegra, að hægt væri að afhenda bátinn strax, ef kaupandi byðist. Muni báturinn svo hafa verið auglýstur þannig. Jón kveðst ekki hafa verið búinn að hugsa um það, hvernig færi með áhöfn bátsins, ef væntanlegur kaupandi vildi fá bátinn strax. Hafi komið til álita, að áhöfnin yrði áfram á bátnum, færi í annað skiprúm eða afhendingartíminn yrði ákveðinn í samráði við áhöfnina. Hins vegar sé það einsdæmi, að bátar séu afhentir strax. Það muni svo hafa verið um helgina 23. apríl sem hann hafi tilkynnt skipstjóranum, að farið yrði á netaveiðar og yrði farið að undirbúa bátinn undir þær veiðar strax daginn eftir. Undirtektir skipstjórans hafi ekki verið góðar, en hann kveðst hafa sagt honum, að ekki væri um annað að ræða og skyldu skipverjar mæta til skips til að skipta um veiðarfæri. Hafi svo verið unnið við það 24. apríl. Hafi skipverjarnir rætt um þetta og tilkynnt, að þeir væru algerlega mótfallnir því að fara á netaveiðar. Hafi þeir þá sagt allir nema stefnandi, að ef ákveðið væri að senda bátinn á netaveiðar, þá mundu þeir hætta á bátnum. Stefnandi hafi hins vegar viljað hugsa sig um og einnig matsveinninn. Hafi hann sagt Magnúsi og matsveininum, að þeir yrðu að ákveða, hvað þeir ætluðu að gera, og yrði þá að mæta til vinnu við að útbúa bátinn um morguninn. Við hina skipverjana kveðst Jón hafa sagt, að það væri allt í lagi, þótt þeir hættu á bátnum, og mundi hann reyna að fá aðra skipshöfn. Jón kveður 8—10 menn vera á bátum af sömu stærð og v/s Sjóli, er ekki stunda netaveiðar. Hann kveðst á þessum tíma ekki hafa verið búinn að ákveða, hvert hann mundi senda bátinn á netaveiðar. Hann hafi strax daginn eftir auglýst eftir skipstjóra og skipshöfn. Hafi hann fengið skipstjóra, Steindór, og mann, sem átti að vera stýrimaður, en var réttindalaus, svo og mann, sem átti að vera vélstjóri, en skilaði sér ekki um borð, þegar til kom. Þá hafi hann einnig fengið tvo unglinga, en annar hafi mætt einu sinn og svo hafi hann ekki sést meir. Jón kveður nú nokkra aðilja hafa sýnt áhuga á að kaupa bátinn og hafi verið gengið frá kaupum við einn þeirra, Hjörleif Hallgríms. Hafi verið gerður skriflegur

samningur og hafi kaupin gengið fljótt fyrir sig. Í upphaflegum texta samningsins hafi staðið, að báturinn yrði afhentur í apríl 1977, og muni það hafa stafað af því, að Hjörleifur hafi viljað fá bátinn strax, þar sem hann hafi verið að skila bát, sem hann var með. Muni skipasaliinn hafa sett þetta inn í samninginn að beiðni Hjörleifs. Jón kveðst hafa neitað þessu algerlega, enda hafi útborgun verið tiltölulega lítil auk þess sem besti vertíðartíminn var að fara í hönd svo og humarveiðitíminn. Hafi hann viljað draga að afhenda bátinn fram yfir humarveiðitímann, en hann sé fyrstu vikurnar í ágúst. Hafi því endanlegur afhendingartími verið miðaður við það. Hafi ákvæðinu um afhendingartíma í samningnum verið breytt í samræmi við þetta, áður en skrifað var undir samninginn. Þegar hins vegar kom í ljós, að ekki fékkst áhöfn á bátinn, hafi verið ákveðið að afhenda hann strax næstu daga og muni það hafa verið gert rétt fyrir mánaðamótin, fimmtudaginn 28. eða föstudaginn 29. apríl. Jón kveðst hafa sagt við stefnanda, eftir að veiðarfærin voru tekin úr bátnum, að ef hann ætlaði að vera áfram á bátnum, þá ætti hann að mæta morguninn eftir. Það hafi stefnandi ekki gert og hafi hann ekki mætt þann dag. Hafi þurft að liggja ljóst fyrir, hvort mennirnir ætluðu að mæta til skips, ef senda átti það til netaveiða. Stefnandi hafi svo ekki mætt daginn eftir. Það hafi komið sér mjög illa, því byrjað hafi verið að vinna við skipið. Stefnanda hafi svo verið sent skeyti daginn eftir og hafi hann svarað því. Hafi svo stefnanda verið sent skeyti, þar sem hann var boðaður til brottfarar. Hafi stefnandi mætt til skips, skömmu áður en það átti að fara, og hafi hann talið sig ráðinn á skipið. Kveðst Jón hafa tjáð stefnanda, að ef hann teldi sig eiga rétt á að vera vélstjóri á skipinu, þá væri eindregið óskað eftir, að hann væri það. Jafnframt hafi hann tjáð stefnanda, að búið væri að ganga endanlega frá sölu skipsins og yrði hann ráðinn hjá hinum nýja eiganda, en hann hafi haft sérstakan áhuga að fá reyndan vélstjóra og fleiri menn. Hafi stefnandi svo tekið farangur sinn og farið um borð. Jón kveðst hafa séð um lögskráningu áhafnarinnar á bátinn, áður en hann fór norður, og hafi stefnandi átt að vera skráður í þeirri ferð. Hins vegar hafi verið búið að afskrá stefnanda þann 24. apríl, er hann hafi ekki látið heyra í sér, hvort hann ætlaði að vera áfram á bátnum eða ekki.

Vitnið Steindór Arason kveður Jón Guðmundsson hafa ráðið sig til að sigla v/s Sjóla til Akureyrar og hafi Jón talað við sig 2—3 dögum áður en farið var norður. Auglýst hafi verið eftir áhöfn á bát til veiða í þorskanet. Hafi átt að gera bátinn út frá Norðurlandi, en útgerðarstaður hafi ekki verið ákveðinn. Hafi hann verið ráðinn þannig, að ef honum litist á hlutina fyrir norðan, þá gæti hann haldið áfram sem skipstjóri. Ekki kveðst Steindór muna, hvort Jón Guðmundsson hafi talað um það sérstaklega, að til stæði að selja bátinn, en hann hafi heyrt rætt um, að báturinn yrði seldur

norður. Steindór kveðst hafa séð stefnanda einu sinni, áður en lagt var af stað norður, og hafi þeir talað lítilla saman. Þegar svo báturinn fór norður, hafi stefnandi komið um borð á síðustu stundu. Steindór kveður sér hafa skilist á heimamönnum, er báturinn kom norður, að búið væri að selja bátinn. Hafi sér þá strax orðið ljóst, að önnur útgerð og önnur skipshöfn mundi taka við bátnum. Hafi þá komið um borð það, sem eftir var af skipshöfninni á v/s Gylfa Erni, en sá bátur hafi átt veiðarfæri í sjó. Steindór kveðst nú hafa farið eina veiðiferð þarna fyrir norðan með v/s Sjóla sem skipstjóri, en sér hafi ekki litist á útgerðina á bátnum. Hann hafi því eiginlega ekki farið þá ferð sem skipstjóri, heldur til að kynna skipstjóranum á v/s Gylfa Erni og skipshöfn þess báts ýmislegt um borð í v/s Sjóla.

Ísleifur Haraldsson, sem var skipstjóri á v/s Sjóla, hefur skýrt svo frá, að í síðasta róðrinum fyrir 22. apríl hafi vinda bátsins bilað. Hafi þá verið haldið til Grindavíkur og hringt í útgerðarstjóranum og hann spurður, hvað gera ætti. Hann hafi viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar og hafi verið haldið þangað. Fyrsta daginn, sem báturinn var í Hafnarfirði, hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing um, að báturinn væri til sölu og til afhendingar strax. Hann hafi rætt þetta við útgerðarstjóranum næstu daga og hafi hann sagt, að lengi hefði verið reynt að selja bátinn og væri þetta gert til reynslu. Hafi svo verið unnið við viðgerð á vindu bátsins og hafi þeir skipverjarnir verið við bátinn, á meðan á því stóð. Útgerðarstjórinn hafi verið búinn að orða það, að netabátar fyrir norðar fiskuðu ágætlega. Föstudaginn 22. apríl hafi svo útgerðarstjórinn ákveðið að láta ljúka viðgerðinni um helgina og hafi hann sagst eiga von á manni til að skoða bátinn. Hafi hann talað um, að skynsamlegast væri að senda bátinn norður til veiða í net. Hafi skipverjar tekið dræmt í það. Kveðst Ísleifur hafa átt að hringja í útgerðarstjóranum daginn eftir. Er þeir hafi talað saman laugardagskvöldið, kveður Ísleifur útgerðarstjóranum hafa tilkynnt sér, að hann hefði ákveðið, að báturinn færi á net norður og ættu skipverjar að mæta til skips daginn eftir, sunnudaginn 24. apríl, til að taka upp botnvörpubúnaðinn og setja netabúnað um borð. Þeir hafi svo mætt á tilsettum tíma. Hafi allur botnvörpubúnaður verið tekinn í land, en netapallar og annar búnaður til netaveiða verið settur um borð. Útgerðarstjórinn hafi þá talað um, að ekki tæki nema svona 2 daga að búa bátinn til netaveiða. Þar sem hann hafi vitað, að áhöfnin var ófús að fara til netaveiða, enda komið fram undir vertíðarlok og aðrir bátar að búa sig undir að taka upp netin, og þar sem útgerðarstjórinn hafi verið búinn að segja, að skipverjum væri frjálst að hætta án nokkurra eftirmála, kveðst Ísleifur hafa sagt, að sér fyndist eðlilegt, að þeir, sem ætluðu með bátnum til netaveiða, útbyggju hann til þeirra. Hafi útgerðarstjórinn þá sagt, að þeir, sem ekki mættu til vinnu morguninn eftir,

á mánudegi, væru hættir. Sjálfur kveðst Ísleifur hafa sagt útgerðarstjóranum, að hann byggist ekki við að fara til netaveiða, en stefnandi hafi sagst þurfa lengri umhugsunarfrest. Ísleifur kveðst svo hafa komið að bátnum rétt fyrir hádegi á mánudaginn ásamt vélstjóranum og hafi þá engan mann verið þar að sjá nema iðnaðarmenn. Vélstjórinn hafi lensað bátinn og unnið sín störf í vélarrúmi. Ísleifur kveður þá einnig hafa farið til Hafnarfjarðar þriðjudaginn 26. apríl og hafi iðnaðarmennirnir þá verið komnir langt með að ljúka við að setja upp netabúnaðinn. Hafi þeir sagt, að búið væri að selja bátinn og vildi kaupandinn fá bátinn útbúinn til netaveiða. Þarna hafi einnig verið staddur maður, sem síðar hafi reynst vera skipstjóri sá, sem sigldi bátnum til Akureyrar. Hafi hann haft eftir útgerðarstjóranum, að báturinn væri seldur til Akureyrar og hefði hann vitað um það kvöldið áður. Jafnframt hafi hann sagt bátinn fara beint til netaveiða, þegar norður kæmi. Kveðst Ísleifur þá ásamt vélstjóranum hafa tekið dót sitt og farið heim. Miðvikudaginn 27. apríl kveðst hann svo hafa fengið símskeyti þess efnis, að úgerðin álti hann hættan á bátnum. Ísleifur kveðst hafa talað við formann sjómannadeildar Verkalýðsfélags Grindavíkur og hafi hann ekki talið þetta löglegt. Ekki kveðst Ísleifur hafa svarað skeytinu eða rætt við útgerðarstjóran. Hafi orðið að ráði, að stefnandi fylgdist með, hvað væri að gerast, og skyldi hann fara með bátnum norður. Hann kveðst svo hafa farið með Magnúsi til Hafnarfjarðar og hafi þá togveiðibúnaðurinn, sem tekinn var í land, verið kominn um borð aftur, en net hafi engin sést.

Gunnar Sigurðsson kveðst hafa ráðist á v/s Sjóla sem stýrimaður haustið 1976 og verið á bátnum óslitið þar til í aprílmánuði 1977. Hafi verið stundaðar togveiðar, en báturinn hafi verið í slipp frá því í desember 1976 og þar til um mánaðamótin mars/apríl 1977. Hann kveður veiðar hafa gengið illa. Bilun hafi svo orðið í vindunni og hafi báturinn þá farið til Hafnarfjarðar til viðgerðar. Hafi svo verið unnið að viðgerð og hafi hann mætt til skips. Það muni svo hafa verið laugardaginn 22. apríl sem skipverjarnir hafi verið kvaddir suður í Hafnarfjörð og hafi útgerðarstjórinn farið að tala um að senda bátinn til netaveiða norður í Eyjafjörð. Hafi hann nokkrum sinnum áður verið búinn að nefna að senda bátinn til netaveiða. Kveðst Gunnar hafa sagt útgerðarstjóranum, að ekki kæmi til greina, að hann færi á netaveiðar. Skipverjarnir hafi svo mætt á sunnudeginum til að taka togveiðibúnaðinn í land og hífa netapalla um borð. Gunnar kveðst áður hafa verið búinn að heyra frá mönnum, sem unnu við að setja niður netapalla um borð, að búið væri að selja bátinn. Búið hafi verið að aulýsa bátinn og hafi einhver komið til að skoða hann. Útgerðarstjórinn hafi verið við bátinn og hafi hann sagt, að þeir, sem ætluðu til netaveiða með bátnum, skyldu mæta á mánudeginum, en hinir ekki. Kveðst Gunnar svo ekki hafa

haft frekara samband við útgerð bátsins, nema hvað hann hafi sótt upp-
gjör, og hafi ekki farið fram neinar sérstakar umræður milli hans og fyrir-
svarsmanna stefnda. Hann kveðst ekki hafa fengið símskeyti frá útgerðinni,
en á þessum tíma hafi hann verið fluttur að Austurbrún 4, en við skráningu
á bátinn hafi hann átt heima á Fálkagötu 30.

Vitnið Hjörleifur Hallgríms Herbertsson kveðst hafa keypt v/s Sjóla af
stefnda. Hafi aðdragandinn verið sá, að hann hafi séð bátinn auglýstan
í Morgunblaðinu í aprílmánuði 1977. Hann hafi svo af því tilefni hringt
í þann aðilja, sem hafði bátinn til sölu, og innt eftir venjulegum upplýsing-
um. Hafi þetta ekki verið löngu áður en kaupsamningur var undirritaður.
Ekki hafi neitt verið endanlega ákveðið í þessu samtali annað en það, að
hann hafi haft fullan hug á að kaupa bátinn eftir þeim upplýsingum, sem
hann hafði fengið. Hann hafi svo ákveðið að fara til Reykjavíkur. Þar hafi
hann rætt við Ólaf Stefánsson, sem veitt hafi frekari upplýsingar um bátinn
og væntaleg kjör. Hafi Ólafur minnst á, að smávandkvæði væru í sam-
bandi við söluna og mundi Jón Guðmundsson skýra frá þeim. Hjá Jóni
hafi svo komið fram, að vandkvæði þessi væru í sambandi við áhöfnina,
sem var á bátnum. Hafi Jón spurt, hvort hann vildi taka við áhöfn bátsins
út löglegan uppsagnartíma, ef mennirnir vildu vera áfram. Að öðrum kosti
gæti hann ekki svarað því strax, hvort afhending bátsins gæti farið fram
strax eða ekki. Hallgrímur kveðst hafa talið það vel geta komið til greina.
Það muni svo hafa verið 1—2 dögum áður en samningurinn var undirrit-
aður sem hann hafi gefið ákveðið svar við því, að hann mundi taka áhöfn-
ina, ef á þyrfti að halda, og gæti hún verið áfram á bátnum. Hafi svo
kaupsamningurinn verið undirritaður með þessu fororði. Ekki hafi verið
ákveðinn neinn afhendingartími, en hann hafi farið fram á, að reynt yrði
að leysa þetta mál sem fyrst, því fyrr sem hann fengi bátinn því betra.
Hjörleifur kveðst hafa gert út annan bát, en búið hafi verið að leggja hon-
um, því hann hafi verið ósjófær. Hafi einhverjir af áhöfn hans ætlað að
koma yfir á v/s Sjóla, en ekki hafi legið ljóst fyrir, hvort allir kæmu eða
hann missti einhverja þeirra. Hafi ýmislegt bent til þess, að menn, sem
bjuggu í Vestmannaeyjum, færu af bátnum. Hjörleifur kveður afhending-
artíma bátsins ekki hafa verið ákveðinn fyrirfram. Hann hafi svo verið lát-
inn vita dag einn, að málin væru farin að skýrast og mundi liggjja fyrir
alveg á næstunni, hvort hægt væri að senda bátinn norður næstu daga.
Hann hafi svo verið látinn vita, er báturinn var að leggja úr höfn í Hafnar-
firði. Hafi Jón skýrt sér frá þessu og hvaða menn mundu verða með bát-
num norður. Kveðst Hjörleifur ekki hafa spurt, hvort það væri fyrri áhöfn
eða menn, sem hefðu verið fengnir til að sigla bátnum norður. Þegar svo
báturinn kom til Akureyrar, hafi hann spurt tvo menn af áhöfn bátsins,
sem sigldi honum norður, hvort þeir vildu vera áfram á bátnum. Hafi það

verið skipstjórinn og stefnandi málsins, sem hann hafi talið 2. vélstjóra. Hafi stefnandi svarað því neitandi og borið við heimilisástæðum, en skipstjórinn hafi svarað, að þeir hefðu fyrst og fremst verið ráðnir til að sigla bátnum norður. Hjörleifur kveður róðra á bátnum svo hafa hafist fljótlega og hafi verið á honum sama áhöfn og verið hafði á bátnum, sem hann hafði gert út áður, nema hvað menn, sem voru frá Vestmannaeyjum, hafi fengið að fara úrt skiprúmi að eigin ósk, áður en ráðningartíminn var út runninn. Hjörleifur kveðst hafa greitt mönnum þeim, sem sigldu bátnum norður, laun og einnig ferðakostnað þeirra frá Akureyri.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í sölu bátsins til Hjörleifs Hallgrímssonar (sic) hafi falist einhliða, fyrirvaralaus og ólögleg uppsögn stefnanda úr starfi sem vélstjóra á v/s Sjóla. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki ætlað sér að gera bátinn út til netaveiða fyrir Norðurlandi og hafi bollaleggingar hans um það verið blekking, ætlaðar til að komast hjá lögboðnum og samningsbundnum uppsagnarfresti. Stefnandi hafi ekki neitað að fara til netaveiða fyrir Norðurlandi. Stefnandi hafi sinnt starfi sínu við bátinn og hafi hann áskilið sér umhugsunarfrest, er útgerðarstjóri stefnda hafi sagst ætla að senda bátinn til þessara veiða, og hafi sá umhugsunarfrestur verið samþykktur af stefnda. Hafi stefnandi svo mætt til starfa, svo sem áskilið hafi verið af hálfu stefnda, ef stefnandi ætlaði að vera áfram á bátnum. Síðar kom í ljós, að hinn 22. apríl hafi verið búið að ráða skipstjóra til að sigla bátnum til Akureyrar. Stefnandi hafi mætt til skips og farið með bátnum til Akureyrar. Er þangað kom, hafi grunur stefnanda reynst réttur. Búið hafi verið að selja bátinn og átt hafi að afhenda hann strax. Það hafi ekki verið fyrr en 27. apríl sem stefnanda hafi verið tilkynnt um sölu bátsins. Í ljós hafi svo komið, að búið hafi verið að afskrá stefnanda af bátnum 24. apríl, en þann dag og næsta dag hafi nýir skipverjar verið skráðir á bátinn til að sigla honum norður. Hafi stefnandi aldrei samþykkt þá breytingu á ráðningu sinni á bátinn, að hann yrði ráðinn hjá Hjörleifi Hallgríms. Er því haldið fram, að stefnandi hafi fullnægt skyldum sínum sem vélstjóri á v/s Sjóla og hafi í engu brotið af sér í því efni. Eigi hann því rétt á launum fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. 13. gr., sbr. 33. gr. sjómannalaga. Samkvæmt kaupskrá hafi kauptrygging vélstjóra á þessum tíma numið kr. 147.000 á mánuði, eða kr. 441.000 í þrjá mánuði. Til viðbótar þessu falli undir samningsbundið fastakaup kr. 3.875 á mánuði, eða kr. 11.625 í þrjá mánuði. Þá eigi stefnandi rétt til orlofs skv. 7. gr. orlofslaga og 34. gr. kjarasamnings vélstjóra og hafi það numið $8\frac{1}{3}\%$ af öllum launum og nemi orlofsgreiðslur af framangreindum fjárhæðum því kr. 37.704. Nemi heildarkrafa stefnanda því kr. 490.329.

Af hálfu stefnda kemur fram, að er stefnandi og aðrir skipverjar voru ráðnir á v/s Sjóla vorið 1977, hafi verið um það rætt, að fyrst yrði farið

á togveiðar, en ef þær gengju ekki vel, mundi farið á netaveiðar, svo sem venja sé. Baturinn hafi því verið á togveiðum, en ekki humarveiðum, svo sem fram komi af hálfu stefnanda, er stefndi hafi hinn 23. apríl 1977 ákveðið að senda hann til netaveiða sökum lélegs afla á togveiðum. Sé ekkert í lögum eða kjarasamningum, sem banni útgerðaraðilja að breyta um veiði-aðferðir eða veiðisvæði. Þegar útgerðarstjóri stefnda hafi tilkynnt skipstjóra, að skipta ætti um veiðarfæri, og skipverjar komu um borð í bátinn 24. apríl 1977, hafi þeir að stefnanda undanskildum tilkynnt, að þeir væru hættir á skipinu, ef það færi á netaveiðar. Stefnandi hafi hins vegar viljað hugsa sig lengur um, hvort hann vildi fara á netaveiðar eða ekki. Hafi skipverjum verið tjáð, að ef þeim snerist hugur og þeir vildu vera áfram á skipinu, skyldu þeir mæta til vinnu morguninn eftir, hinn 25. apríl. Fyrirvars-manni stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að neinn skipverja hefði mætt til skips þann dag, og hafi hann því haft réttmæta ástæðu til að ætla, að þeir, þar á meðal stefnandi, vildu ekki fara á netaveiðar og væru hættir á skipinu. Í hádegisútvarpi þann dag hafi því verið auglýst eftir skipshöfn og hafi Steindór Arason verið ráðinn skipstjóri á skipið og einnig hafi verið ráðinn Kristján Jónsson. Hafi þeir strax farið að vinna við að búa skipið til netaveiða ásamt mönnum frá skipasmíðastöð, sem þegar hafi verið byrjaðir á því verki. Þessir menn hafi hvorki séð stefnanda né neinn annan af fyrrverandi skipverjum mæta til vinnu við skipið, á meðan unnið var við að búa það til netaveiða. Að morgni 25. apríl hafi skipverjarnir verið búnir að fjarlægja persónulegar eigur sínar frá borði að undanskildum Ís-leifi skipstjóra og stefnanda, sem höfðu skilið teppi og sæng eftir um borð. Stefnandi hafi tjáð fulltrúa stefnda, að hann hefði komið til vinnu um borð í bátnum kl. 0030 26. apríl, en ekki hafi verið sjáanleg nein merki vinnu stefnanda um borð í bátnum þá nótt. Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að alröng sé sú staðhæfing stefnanda, að honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust. Staðreynd málsins sé sú, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp fyrirvaralaust og hafi fyrirvarsmaður stefnda fallist á að hafa ekki uppi bótakröfu á hendur honum. Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að bátur stefnda hafi verið seldur fyrirvaralaust 24. apríl 1977 og að sú sala hafi á einhvern hátt áhrif á mál þetta, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi um nokkra hrið verið að reyna að selja bátinn og hafi m. a. veriðúið að auglýsa hann í dagblöðum. Hafi skipverjar spurt um það nokkrum sinnum, hvernig gengi að selja bátinn. Hinn 24. apríl hafi stefndi gert kaupsamning við Hjörleif Hallgríms, en þegar kaupsamningurinn var undirritaður, hafi verið óvíst um afhendingartíma og því hafi verið samið um, að afhending bátsins færi fram í síðasta lagi 15. ágúst 1977, en stefndi skyldi gera bátinn út, þar til afhending færi fram. Þegar svo í ljós hafi komið, að skipshöfnin hafi fyrirvaralaust sagt upp

störfum 24. apríl og full skipshöfn hafi ekki fengist þrátt fyrir tilraun til þess hinn 25. apríl, hafi skipið verið afhent kaupanda í Hafnarfjarðarhöfn 27. apríl, kl. 2000. Hafi stefnandi samþykkt ráðningarslit gagnvart stefnda og ráðningu á skipið á ný til kaupanda þess. Hafi stefnandi svo farið með skipinu, er það var afhent, og séu samskipti stefnanda og nýja eiganda bátsins stefnda með öllu óviðkomandi. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi hafi sjálfur fyrirvaralaust sagt upp störfum hinn 24. apríl og hafi sú uppsögn verið samþykkt af hálfu stefnda. Eigi stefnandi því ekki rétt til launa þeirra, sem hann gerir kröfu til, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Verði hins vegar litið svo á, að fyrirvaralaus uppsögn stefnanda sé ekki sönnuð og um hafi verið að ræða fyrirvaralaus uppsögn af hálfu stefnda, þá er því haldið fram, að sú uppsögn hafi verið réttlætanleg með vísan til 33. gr. laga nr. 67/1963, þar eð stefnandi hafi ekki mætt til skips til vinnu, svo sem að framan sé rakið, og leiði það til sýknu.

Stefndi hafði auglýst v/s Sjóla til sölu og til afhendingar strax. Hinn 24. apríl 1977 undirritaði fyrirsvarismaður stefnda samning um sölu bátsins, og var kaupandinn Hjörleifur Hallgríms, útgerðarmaður á Akureyri. Þótt í upphaflegum texta samningsins væri gart ráð fyrir því, að báturinn skyldi afhentur í aprílmánuði, verður að leggja til grundvallar, að endanlega hafi verið samið um, að afhending skyldi fara fram fyrir 15. ágúst eða fyrr og ef afhending drægist fram yfir 1. maí, skyldi báturinn afhentur í Akureyrarhöfn á kostnað stefnda. Hefur Hjörleifur borið, að einhver vandkvæði hafi verið hjá stefnda í sambandi við áhöfn þá, sem á bátnum var. Hafi hann, þ. e. Hjörleifur, sagst mundu taka við áhöfninni og gæti hún verið áfram á bátnum, ef á þyrfti að halda. Bátur sá, sem Hjörleifur hafði gert út, var ósjófær, og hafði honum verið lagt. Fyrirsvarismaður stefnda skýrði skipverjum á v/s Sjóla frá því, að hann ætlaði að senda bátinn til netaveiða fyrir Norðurlandi. Sendi hann stefnanda símskeyti, svo sem áður er rakið. Stefndi auglýsti eftir nýrri áhöfn á bátinn til netaveiða, en ekki bauðst nema hluti áhafnar á bátinn, sem nauðsynleg var til þeirra veiða, enda vart við því að búast, er svo langt var liðið á vetrarvertíð. Var síðan ráðin áhöfn á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, og mun hafa verið um það rætt, að einhverjir af henni gætu orðið áfram á bátum. Er báturinn kom til Akureyrar, kom um borð hluti áhafnar báts þess, sem Hjörleifur hafði gert út áður. Fór Steindór Arason, sem var skipstjóri á siglingu bátsins norður, eina veiðiferð með bátnum, eftir að norður kom, til að kynna nýju skipshöfninni ýmislegt um borð í bátnum. Þegar litið er á öll atvik málsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirætlun fyrirsvarsmanns stefnda um að senda v/s Sjóla til netaveiða fyrir Norðurlandi hafi verið sett fram til málamynda til að losna við skipverjana af bátnum, en fram er komið, að þeir voru mótfallnir því að fara til netaveiða.

Féll undirbúningur bátsins til netaveiða saman við framkvæmdir við afhendingu bátsins til hins nýja eiganda. Þykir verða að leggja til grundvallar, eins og mál þetta liggur fyrir, að aðgerðir fyrirsvarsmanns stefnda hafi beinst að því að afhenda v/s Sjóla hinum nýja eiganda fyrir 1. maí 1977. Stefnandi var ráðinn til stefnda, og var honum óskýlt að fylgja bátnum, er nýr eigandi tók við honum. Verður því litið svo á, að með þessum aðgerðum stefnda hafi verið rofið ráðningarsamband stefnanda við stefnda fyrirvaralaust og eigi stefnandi því rétt á launum umsaminns uppsagnarfrest skv. 3. mgr. 31. gr. kjarasamnings íslenskra útgerðarmanna og Vélstjórafélags Íslands, sbr. 34. gr. sjómannalaga, þ. e. í þrjá mánuði.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Í stefnu hefur stefnandi krafist vaxta af stefnufjárhæðinni. Með vísan til ákvæða laga nr. 56/1979 um breytingu á lögum nr. 85/1936 þykir mega beita ákvæðum um dómvexti að kröfu stefnanda, þótt ekki hafi sú krafa komið fram í framhaldsstefnu og þótt sú breyting á kröfugerðinni hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefnda, en ekki þykir unnt að dæma dráttarvexti samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskosntað, sem ákveðst kr. 220.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Óskari Ólafssyni, kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.